

Fimmtudaginn 2. mars 2017.

Nr. 392/2016.

RED I hf.

(Kristinn Hallgrímsson hrl.)

gegn

Reykjavíkurborg

(Kristbjörg Stephensen hrl.)

og gagnsök

Endurkrafa. Stjórnvaldsákvörðun. Byggingarleyfi.

Aðilar deildu um heimild R til þess að krefja R hf. um frekari greiðslu fyrir úthlutun lóðar og byggingarréttar að Friggjarbrunni og Skyggnisbraut en upphafleg greiðsla hafði verið miðuð við eldra deiluskipulag sem kvað á um 47 íbúðir á umræddri lóð en ekki 51 íbúð eins og gildandi deiluskipulag kvað á um. Var talið meðal annars með vísan til staðlaðs texta í umsókn um úthlutun lóðarinnar að fulltrúum stefnda hefði ekki getað dulist að það verð sem tilgreint var í bréfi R til R hf. í júní 2013 þar sem R hf. var tilkynnt um úthlutun lóðarinnar hefði verið byggt á röngum forsendum. Þá var talið að fulltrúum R hf. hafi einnig mátt vera það ljóst þar sem í bréfinu hefði verið vísað til þess að um hefði verið að ræða byggingarrétt fyrir 47 íbúða hús en í umsókn R hf. hefði komið skýrlega fram að sótt hefði verið um byggingu allt að 51 íbúðar. Var R því sýknað af kröfu R ehf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Benedikt Bogason hæstaréttardómari og Davíð Þór Björgvinsson og Ingveldur Einarsdóttir settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 25. maí 2016. Hann krefst þess að gagnáfrýjanda verði gert að greiða sér 11.282.555 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. nóvember 2014 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi fyrir sitt leyti 20. júlí 2016. Hann krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um annað en málskostnað, sem aðaláfrýjanda verði gert að greiða í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er að aðaláfrýjandi bar áður nafnið Skyggnisbraut 8-12 ehf. og lagði undir því nafni inn umsókn hjá gagnáfrýjanda um úthlutun lóða fyrir fjölbýlishús við Friggjarbrunn 55-57 og Skyggnisbraut 8-12. Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Aðaláfrýjandi verður dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi RED I hf., greiði gagnáfrýjanda, Reykjavíkurborg, 600.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Rétt endurrit staðfestir
02.03.2017
Gjald: 500 kr.

